

## Leiðsögn - félag leiðsögumanna Aðalfundur 12. apríl 2018

**Tillögur um breytingar á reglugerð um endurmenntunarsjóð Leiðsagnar á aðalfundi 2018**  
(Breytingar feitletraðar. Brottfeldur texti er strikaður á gráum grunni, nýr texti feitletraður)

Reglugerð Endurmenntunarsjóðs ~~Félags~~ **Leiðsagnar - stéttarfélags** leiðsögumanna

1. grein.

Sjóðurinn heitir Endurmenntunarsjóður ~~Félags~~ **Leiðsagnar - stéttarfélags** leiðsögumanna og er eign félagsins. Stjórn sjóðsins er formaður félagsins og tveir stjórnarmenn ásamt tveimur fulltrúum sem tilnefndir eru af SAF.

2. grein.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja og standa að endurmenntun félagsmanna í ~~Félagi~~ **leiðsögumanna** ~~Leiðsögn~~. Einungis þeir sem greitt hefur verið fyrir í sjóðinn eiga rétt á greiðslum úr honum. Félagsmenn fá greitt úr sjóðnum **að fullu skv. eftirfarandi reglum hafi þeir greitt til hans a.m.k. 9.000 kr. á síðustu 12 mánuðum og í sama hlutfalli við það hafi minna verið greitt. og greitt hefur verið fyrir þá í sjóðinn að meðaltali síðustu 12 mánaða.**

Stjórn sjóðsins tekur allar ákvarðanir um styrki úr sjóðnum, einnig ef sérstakar ástæður eða atvik koma upp, enda skal hún gera grein fyrir slíkum ákvörðunum á aðalfundi.

Stjórn sjóðsins skal gæta þess að höfuðstóll sjóðsins fari aldrei niður fyrir 10 milljónir króna miðað við vísitölu neysluverðs sem í janúar 2013 er 403.3.

Árlegum tekjum sjóðsins má verja til:

- Að greiða niður þátttöku félagsmanna í endurmenntunarnámskeiðum sem tengjast störfum leiðsögumanna með allt að ~~20.000~~ **60.000** kr. á ári.
- Að veita allt að ~~200.000~~ **300.000** kr. **alls** á ári til að styrkja félagsmenn **allt að 60.000 á hvern** til að sækja ráðstefnur og fundi sem haldnar eru á vegum IGC og FEG. Um styrkuppþæð gilda sömu reglur og endurmenntunarnámskeið, sbr. lið a).
- Að veita styrki til námskeiðahalds á vegum félagsins og/eða samstarfsnámskeiða félagsins og Samtaka ferðapjónustunnar.
- Að veita styrki til námskeiðahalds á vegum ~~Leiðsöguskóla Íslands,~~ **Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands** skólastofnana sem kenna samkvæmt staðlinum **ÍST EN 15565:2008 um menntun leiðsögumanna** eða annarra námskeiða á vegum annarra samtaka leiðsögumanna eins og t.d. Samband norræna leiðsögumanna IGC/Evrópusambands leiðsögumanna FEG. **Stjórn Leiðsagnar setur frekari reglur um styrki þessa.**

**Fjárhæðir skv. grein þessari skulu endurskoðaðar árlega í byrjun hvers árs og breytt í samræmi við hlutfallslega hækkun mánaðarlauna í almennum launaflokki faglærðra leiðsögumanna, nú 4. launaflokki. Yfirlit yfir styrkfjárhæðir skulu birtar á heimasíðu félagsins.**

Umsóknum skal skilað til sjóðsins tvisvar á ári, þ.e. eigi síðar en 15. apríl og 15. nóvember. Úthlutanir eru í lok apríl og lok nóvember og eru þær í hlutfalli við greiðslur félagsmannsins í sjóðinn á síðustu 12 mánuðum.

Greiðslukvittun fyrir umrætt námskeið og/eða farmiða skal fylgja umsókn í frumriti.

3. grein.

Tekjur sjóðsins eru:

- Samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins af launum leiðsögumanna.
- Vaxtatekjur.

4. grein.

Varsla sjóðsins skal vera hjá verðbréfafyrirtæki (ALVÍB eða annarri sambærilegri stofnun) samkvæmt ákvörðun aðalfundar að fenginni tillögu stjórnar sjóðsins.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir og félagsmönnum gerð grein fyrir þeim .

5. grein.

Allur kostnaður við sjóðinn greiðist af honum sjálfum.

6. grein.

Gjald til sjóðsins skal ákveðið í kjarasamningum milli Félags leiðsögumanna og viðsemjenda þeirra.

Innheimtu gjalda annast Félag leiðsögumanna eða sú stofnun sem félagið afhendir umsjón með sjóðnum.

7. grein.

Reglugerð þessari má aðeins breyta á aðalfundi ~~Félags leiðsögumanna~~ **Leiðsagnar - stéttarfélags** leiðsögumanna og ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Geta skal þess í fundarboði ef tillögur um breytingar liggja fyrir fundinum.